

Ályktun atvinnu- og nýsköpunarnefndar
3.fundur atvinnu- og nýsköpunarnefndar 22. maí 2020

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd fagnar frumkvæði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að endurskoðun á reglugerð um hrognkelsaveiðar sem heimilar að bátur sem fær leyfi til grásleppuveiða á innra svæði Breiðafjarðar geti landað að hámarki 15 tonnum af grásleppu á grásleppuvertíð 2020.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd tekur undir með bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar um að breyta þurfi fyrirkomulagi hrognkelsaveiða á Íslandi enda sé óboðleg sú staða sem blasir við sjómönnum og vinnslum í dag við Breiðafjörð. Nefndin hvetur ráðherra að hefja nú þegar vinnu við að útfæra fyrirkomulag grásleppuveiða með þeim hætti sem endurspegladist í vilja grásleppusjómannna á fundi sjómannna með ráðherra þannig að sú staða sem kom upp í lok apríl sl. geti ekki komið upp aftur.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd telur að núverandi lagaumhverfi sem gildir um stjórn grásleppuveiða skapi sjómönnum og vinnslum erfiðari rekstrarskilyrði, skekki samkeppnistöðu og grafi undan greininni til lengri tíma. Nauðsynlegt sé að skapa greininni stöðuleika og fyrirsjáanleika sem er grunnþáttur í öllum rekstri. Þá eru núverandi starfsskilyrði ekki til þess fallin að auka nýliðun í greininni. Undanfarin ár hefur verið innt af hendi undirbúningsvinna við breytingar á núverandi kerfi sem ekki hefur hlotið umfjöllun á Alþingi. Mikilvægt er að Alþingi taki til umfjöllunar fyrirbyggjandi frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og stefni að því bæta rekstrarumhverfi sjómannna og vinnslna með langtíma hagsmuni greinarinnar að leiðarljósi sem og samfélagsins í heild sinni.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd skorar á Hafrannsóknastofnun, m.a. í ljósi framkominnar gagnrýni á reiknistuðul stofnunarinnar, að styrkja gagnagrunn sinn og fara yfir forsendur stofnsmats sem ráðgjöf stofnunarinnar til ráðherra um veiðar hrognkelsa byggir á.